

SFR
Jens Andrésón
Grettisgötu 89
105 Reykjavík

8. apríl 2005

Varðar: Uppgjör á frítökurétti Reinhardts Reinhardtssonar.

Með bréfi, dags. 18. febrúar 2005 óskaði SFR-stéttarfélag í almannaþjónustu eftir því við réttindanefnd BSRB að hún skoðaði rétt R, fyrrum starfsmanns í Þjóðleikhúsinu til greiðslu frítökuréttar. Réttindanefnd tók málið fyrir á fundi sínum þann 28. febrúar sl. en taldi að afla þyrfti frekari gagna í málinu. Vegna þess að R var erlendis hefur málið dregist. Málavextir eru í stuttu máli þeir að R hefur ítrekað óskað eftir því við Þjóðleikhúsið að honum verði greiddur frítökuréttur sem hann telur að hann eigi inni hjá Þjóðleikhúsinu við starfslok sín. Því hefur verið hafnað, sbr. bréf dags. 9. febrúar sl. Rökin fyrir þeirri höfnun eru að R hafi verið leiksviðsstjóri einnar af stærstu deildum Þjóðleikhússins. Hann hafi verið með fastlaunasamning, þ.e. mánaðarlaun og fastar 65 klst. í yfirvinnu fulla 12 mánuði ársins. Undir hans stjórn hafi verið 2 vaktstjórar auk 4 annarra fastráðinna starfsmanna. Næstu yfirmenn deildarstjóra voru þjóðleikhússtjóri og framkvæmdastjóri. Í bréfinu kemur jafnframt fram að í starfi hans fólst öll ábyrgð á rekstri deildarinnar og hann réði sjálfur vinnutíma sínum. Hann hafi ekki leitað eftir samþykki yfirmanna sinna, framkvæmdastjóra eða þjóðleikhússtjóra fyrir því að vinna það lengi að hann næði ekki lögbundinni hvíld. Né hefði hann verið beðinn af þeim sömu aðilum að leggja af mörkum alla þá vinnu sem urðu til þess að hann náði ekki að taka sér lögbundna hvíld. Þá er vísað í kjarasamningsákvæði 2.4.5.1 og 2.4.6 til að rökstyðja höfnunina.

Þann 11. mars sl. bárust réttindanefnd viðbótargögn. Var það vinnuyfirlit fyrir tímabilið 1.1.2002-31.12.2002 og 1.1.2003-31.12.2003. Á vinnuyfirlitunum hefur frítökuréttur verið skráður og eins og sjá má á vinnuyfirliti fyrir tímabilið 1.1. 2003- 31.12.2003 hefur verið skráð að staða frítökuréttar þann 31.12.2003 væri 750,25 stundir.

Réttindanefnd BSRB tók málið aftur fyrir á fundi sínum fyrr í dag. Er það álit nefndarinnar að Þjóðleikhúsinu beri að greiða R út þann frítökurétt sem hann hefur áunnið sér, sbr. kjarasamningsákvæði 2.4.5.9. Rökin fyrir því eru í fyrsta lagi að R var ráðinn sem sviðsstjóri og fólst starf hans í því að sjá til þess að verkefni, ákveðin af þjóðleikhússtjóra og skipulögð af skipulagsstjóra, gengju upp og væru tilbúin á fyrirfram ákveðnum lokadegi með öllum tiltækum ráðum. Eins og sjá má á skráum fyrir stóra sviðið eru sýningar á ýmsum tímum dagsins. Þá þyrfti að skipta út af sviðinu eftir sýningar og setja upp annaðhvort æfingu næsta dags eða aðra sýningu. Réttindanefnd telur að ekki sé hægt að fela starfsmanni starf sem hann reynir að sinna eftir bestu getu, og segja svo að hann hafi ekki verið beðinn um að leggja af mörkum alla þá vinnu sem varð til þess að hann náði ekki að taka sér lögbundna hvíld. Þá er mótsögn í þeirri röksemdarfærslu sem kemur fram í bréfi Þjóðleikhússins, dags. 9. febrúar þar sem segir:
„Starf deildarstjórans fól í sér alla ábyrgð á rekstri deildarinnar og hann réði sjálfur vinnutíma sínum. Hann leitaði ekki samþykkis yfirmanna sinna, framkvæmdastjóra eða þjóðleikhússtjóra, fyrir því að vinna það lengi að hann næði ekki lögbundinni hvíld.“ Annars vegar er sagt að hann ráði vinnutíma sínum sjálfur og hins vegar að hann hafi ekki leitað samþykkis.

Í öðru lagi er það mat réttindanefndar BSRB að það þurfi að liggja skýrt fyrir við ráðningu að starfsmaður eigi ekki rétt á lágmarkshvöld í samræmi við kjarasamningsákvæði 2.4.6. Það hafi greinilega ekki legið ljóst fyrir þar sem R var ítrekað að ræða frítökuréttarmál sín. Bendir nefndin á í því sambandi að frítökuréttur R hafi verið skráður í mörg ár, sbr. vinnuyfirlitin sem vísað er í hér að framan. Þá hafi hann fengið greiddan þriðjung uppsafnaðs frítökuréttar í desember 2000. Með því hafi vinnuveitandi í raun viðurkennt frítökurétt hans, því sé eðlilegt að R telji sig falla undir hvíldartímaákvæði kjarasamnings eins og aðrir starfsmenn. Í þriðja lagi þá var R skylt að skrá sinn vinnutíma með því að stimpla sig inn við upphaf og lok vinnudags. Í fjórða lagi bendir nefndin á að kjarasamningsákvæði 2.4.6 sé undantekningarregla sem beri að skýra þröngt. Að lokum telur réttindanefnd rétt að SFR veki athygli Þjóðleikhússins á hvíldartímaákvæðum kjarasamnings og að það sé almennt hlutverk yfirmanns stofnunar að tryggja að verkefni sem starfsmenn þurfa að inna af hendi séu skipulögð á þann hátt að hægt sé að ná 11 klst. lágmarkshvöld.

F.h. réttindanefndar BSRB

Erna Guðmundsdóttir, hdl, lögfræðingur BSRB